



Útfellingar í holu SG-8 í ágúst 1996

**Grímur Björnsson,
Guðlaugur Hermannsson**

Greinargerð GrB-GuH-96-07

4. september, 1996

ÚTFELLINGAR Í HOLU SG-8 Í ÁGÚST 1996

Greinargerð þessi lýsir niðurstöðum körfumælinga sem gerðar voru í holu SG-8 í Svartsengi þann 3. september 1996. Í blástursmælingu holunnar í júní 1996 veittu mælingamenn því athygli að hita- og þrýstinemar hægðu óeðlilega á sér í 632 m dýpi. Var ástæða þessa rakin til útfellinga í holunni sem leiddi til þess að holan var körfumæld nú.

Niðurstöður körfumælinganna eru í stuttu máli þær að töluverðar útfellingar eru komnar innan í leiðara SG-8. Þannig komst 7¼" karfa aðeins um 2 m ofan í 8½" víðan leiðarann og 5½" karfa stöðvaðist á 639 m. Hins vegar komst 10" karfa alveg niður að hengistykki leiðarans. Þarna er innanmál vinnslufóðringarinnar rúmar 12". Hugsanlega eru útfellingar einnig til staðar ofan hengistykkisins.

Tafla 1 sýnir hvar körfur hafa stoppað í holu SG-8 frá upphafi mælinga Orkustofnunar. Eins er sýnt í töflunni hvenær holan var hreinsuð.


Tafla 1: Yfirlit um körfumælingar og hreinsanir á holu SG-8.

Dags	Loka-dýpi	Karfa (")	Athugasemdir	Dags	Loka-dýpi	Karfa (")	Athugasemdir
10-Sep-1981	1562	8	Fór í gegn	15-Apr-1989	576	5	
10-Sep-1981	403	10		10-May-1989			Hreinsuð
14-Feb-1983			Hreinsuð	27-Aug-1990	603	8	
16-Mar-1983	421	10		27-Aug-1990	607	6	
16-Mar-1983	455	6		27-Aug-1990	800	4½	Fór í gegn
16-Mar-1983	650	3½	Fór í gegn	28-Apr-1991			Hreinsuð
23-Apr-1985	700	5½	Fór í gegn	23-Aug-1993	575	7	
23-Apr-1985	504	7½		23-Aug-1993	616	4	
23-Apr-1985	493	10		01-Nov-1994			Hreinsuð
20-Jun-1985			Hreinsuð	09-Mar-1996	580	7¼	
30-Apr-1987	700	7	Fór í gegn	09-Mar-1996	639	5½	
30-Apr-1987	531	10		09-Mar-1996	578	10	
15-Apr-1989	577	6¼					

Hafa má gögnin í töflu 1 til hliðsjónar þegar meta skal hvort hreinsun á holu SG-8 sé yfirvofandi. Þannig sýnir taflan t.d. að rúmt ár leið frá því að 4" karfa stöðvaðist í leiðara holunnar haustið 1993 þar til hún var hreinsuð árið 1994. Hins vegar liðu einungis um 8 mánuðir frá því að 6" karfa stöðvaðist inni í leiðaranum haustið 1990 og þar til holan var hreinsuð vorið 1991. Ef gert er ráð fyrir að efnaástand og vinnsla úr holu SG-8 verði áfram með svipuðum hætti og eftir körfumælinguna haustið 1993, eru góðar líkur fyrir

Því holan að haldist inni í rekstri vel fram á sumarið 1997. Ef ekki gæti orðið þörf á hreinsun holunnar strax í vetur.

Mynd 1 sýnir í lokin hvar útfellingin er í holunni nú í ágúst 1996.



Mynd 1: Útlit og ástand holu SG-8 í ágúst 1996. Útfellingin er sýnd með skyggingu.

Orkustofnun, 3. september 1996

Grímur Björnsson

Guðlaugur Hermannsson